

Matta



LÝSING

MATTA er vatnspynnaleg akrýlmálning ætluð á vegg innanhúss. Málningin hentar þar sem óskað er eftir þvottheldinni og mattri áferð. MATTA inniheldur hágæða 100% hreint akrýlbíndiefni sem veitir málningunni þvottheldni, litheldni og mótstöðu gegn gulnun og krítun. Oftast er hún notuð við nýmálun eða þegar endurmálaðir eru fletir sem áður hafa verið málaðir með plastmálningu. MATTA er svo til lyktarlaus, gefur jafna áferð og er fljótþornandi.

NOTKUN

MATTA er ætluð á stofur, herbergi, skrifstofur og fleira. Hún hentar vel á t.d. þússningu, nýjan múr, sandspartlaða fleti, gifs- og spónaplötur og áður málaða fleti.



Tæknilegar upplýsingar

Stofnar:	HVÍTUR, Stofn A og Stofn C
Litir:	Hægt að lita í fjölda lita.
Gljástig:	5
Efnisnotkun:	8-10 m ² /l
Pakkningar:	1, 4 og 10 lítrar
Áhöld:	Rúlla, pensill eða háprýstisprauta.
Þurrktími og yfirmálun:	Snertípurtt eftir um 1 klst. Yfirmálun eftir um 3 klst við 20°C og 60% hlutfallsraka lofts (%HR).
Eðlismassi:	1,2 – 1,4 g/ml
Þurrefni:	50-60%
Geymsla:	Geymið í lokuðum umbúðum dimmum og svölum stað. Má ekki frjósa.
VOC:	Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa vöru fl. A/a 30 g/l (2010). Varan inniheldur að hámarki 1 g/l

Undirbúningur

Undirlag skal vera þurrt og hreint fyrir málun. Laust bundið og duftsmítandi yfirborð skal fjarlægja t.d. með slípun. Steinsteypa og múr skulu vera a.m.k. mánaðar gömul. Olíu, fitu og önnur óhreinindi skal fjarlægja með hreinsiefnum. Skolið öll hreinsiefnin vel af og látið flötinn þorna vel fyrir málun.

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund. Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa, þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.

Notkunaraðstæður

Hitastig flatar skal vera yfir 10°C og ekki heitari en 25°C. Loftraki skal vera undi 80%. Við mjög lágan loftraka getur málningin þornað of hratt sem hefur neikvæð áhrif á áferð.

Nýmálun

Sandspartlaðir fletir, múrhúð, þússning, spónaplötur, gifsplötur og strigi: Grunnið með Gifs- og spartlsgrunni.

Að lokum eru málaðar 2 umferðir með MÖTTU.

Endurmálun

Þrifið með Málningarhreinsi og skolið vandlega með vatni. Ef um er að ræða alkýðmálningu og/eða flöturinn er mjög gljáandi er best að matta lauslega með sandpappír, til að góð viðloðun náist. Því næst eru málaðar 2 umferðir með MÖTTU.

Þynnir:

Vatn, allt að 10% til að auðvelda vinnslu.

Ekki skal geyma þynnta málningu.

Hreinsun áhalda

Með volgu vatni strax eftir notkun. Skafið málningu af áhöldum fyrir hreinsun.

Athugið

- Eftir opnun minnkar geymsluþol.
- Full þvottheldni næst eftir 3-4 vikur. Við þvott getur orðið gljáabreyting, til að jafna gljáann getur þurft að þvo allan flötinn. Skilið tónum umbúðum á næstu endurvinnslustöð.
- Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs.